Kópavogsbær
b/t bæjarráðs

Reykjavík, 12. nóvember 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Varðar: Nýjan stofnsamning um Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Nýr stofnsamningur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) var samþykktur á fundi stjórnar slökkviliðsins þann 18. október sl.

SHS var stofnað árið 2000 og hefur upprunalegur stofnsamningur verið í gildi síðan. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kom nokkrum athugasemdum sínum við samninginn á framfæri við sveitarfélögin haustið 2020. Vann hópur lögfræðinga aðildarsveitarfélaganna að því næstu misserin að uppfæra samninginn undir verkstjórn Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Bókun stjórnar SHS á 266. fundi þann 18. október 2024 var eftirfarandi:

> *Stjórn samþykkir stofnsamninginn. Hann verður sendur til staðfestingar í innviðaráðuneytið og svo til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Að því loknu mun stjórn undirrita stofnsamninginn og tekur hann þá gildi.*

Staðfesting innviðaráðuneytisins liggur nú fyrir. Fyrir hönd stjórnar SHS óskar undirritaður eftir staðfestingu sveitarfélagsins á meðfylgjandi nýjum stofnsamningi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
(rafræn undirritun á næstu síðu)

Meðfylgjandi: Stofnsamningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., drög til staðfestingar.

Undirritunarsíða

f.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisin...[1)]
Jón Viðar Matthíasson

Undirritað af:
Jón Viðar Matthíasson
2807596279
Dags: 12.11.2024
Tími: 08:39:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d8db61e6-a6da-4a6c-b5c2-07347c47a788

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

1) f.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.